

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „annarra en sumarhúsa og útihúsa í sveitum“ í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: annarra en sumarhúsa, útihúsa í sveitum og mannvirkja og lóða sem falla undir 3. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, nr. 1160/2005.

#### 2. gr.

Tilvísunin „nr. 945/2000“ í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 3. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Upplýsingum um breytingar á skrá Fasteignamats ríkisins, sbr. 1. mgr., skal skilað á eyðublaðum sem Jöfnunarsjóður lætur sveitarfélögum í té. Á þeim skal tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. fasteignir sem undanþegar eru álagningu fasteignaskatts skv. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, eða ákvæðum sérlaga,
- b. ákvarðanir sveitarfélags um lækkun eða niðurfellingu álagðs fasteignaskatts vegna fasteigna sem falla undir 1.–4. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt,
- c. lækkun fasteignaskatts vegna samninga við stóriðjufyrirtæki,
- d. leiðréttingar sem sveitarfélög gera vegna fasteigna þar sem flokkun eða mat hefur breyst, svo sem í kjölfar endurmats eða úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar,
- e. beitingar mismunandi álagningarprósentu í sameinuðu sveitarfélagi, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt,
- f. endanlega niðurstöðu álagningar vegna fasteigna þar sem nýting er með þeim hætti að ákvæði 8. gr. reglugerðar um fasteignaskatt eiga við.

#### 4. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, nr. 1160/2005, skal ekki taka tillit til nýrra lóða og nýrra mannvirkja sem skráð eru og metin í Landskrá fasteigna eftir 1. janúar 2006 við útreikning framlaga samkvæmt reglugerð þessari fyrir árið 2006.

Nr. 363

9. maí 2006

5. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. maí 2006.*

**Jón Kristjánsson.**

Guðjón Bragason.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2006